



Gengi 107,73	Gengismunur 0%	Umsýslubóknun 0,40%	Meðallíftími [ár] 0,2	Stærð 4,1 milljarðar
------------------------	--------------------------	-------------------------------	---------------------------------	--------------------------------

GAMMA: LIQUIDITY

GAMMA: LIQUIDITY er verðbréfasjóður, skv. lögum 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, sem fjárfestir í skuldabréfum og víxlum útgefnum af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðum með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðalánasjóði. Að auki hefur sjóðurinn heimild til fjárfestingar í innlánnum fjármálafyrirtækja að hámarki 80% af stærð sjóðsins.

Markmið GAMMA: LIQUIDITY er að skila ávöxtun í samræmi við skammtímavaxtastig á markaði og er líftími sjóðsins ávallt lægri en 1 ár. Sjóðurinn hentar vel til ávöxtunar á fé til skemmri tíma eða fyrir fjárfesta sem vilja tiltölulega litlar sveiflur í ávöxtun.

Sjóðurinn beitir virkri stýringu með þeirri aðferðafræði sem GAMMA hefur þróað og notað við stýringu annarra skuldabréfasjóða. Árleg umsýslubóknun er 0,40% og enginn kostnaður er við kaup eða sölu og enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Áhætta og fjárfestingarviðmið

Ýmis áhætta felst í fjárfestingu í verðbréfasjóðum. Þar helst að geta vaxta-, lausafjár- og mótaðilaáhættu sem mynda óvissu um framtíðar framvindu á verðbréfamarkaði. Vaxta- og lausafjáráhætta er takmörkuð hjá GAMMA: LIQUIDITY þar sem líftími sjóðsins er ávallt undir einu ári. Mótaðilaáhætta er einnig takmörkuð þar sem fjárfestingar í verðbréfum eru eingöngu í ríkistryggðum bréfum en mótaðilaáhætta fylgir fjárfestingu í innlánnum. Sú áhætta er takmörkuð að því leyti að innlán geta verið að hámarki helmingur af eignasafni sjóðsins og innlán eru dreifð á milli innlánsstofnanna, bæði með tilliti til tímalengdar og stærðar. Nánari upplýsingar um áhættu sjóða má nálgast á heimasíðu GAMMA, www.gamma.is.

Fjárfestingarviðmið	Skuldabréf m. ríkisábyrgð 20-100%	Innlán 0-80%	Afleiður 0-10%
----------------------------	--------------------------------------	-----------------	-------------------

Sýn sjóðsstjóra

GAMMA: LIQUIDITY hækkaði um 0,6% í mars og hefur hækkað um ríflega 4,5% síðastliðið ár. Er raunávöxtun sjóðsins til eins árs nú jákvæð um 0,5%.

Aukið hlutfall í bundnum innlánnum er farið að skila sér í ávöxtun sjóðsins. Vaxtamunurinn á bundnum innlánnum og ríkisvixlum er nærri 2,5% sem við teljum allt of háan. Þann hluta sem sjóðurinn á í ríkistryggðum eignum eru að mestu leyti í óverðtrygðu skuldabréfi ríkissjóðs með lokadag árið 2018 RÍKH18 sem ber 5% breytilega vexti á mánaðarfresti. Þannig eru vegnir meðalvextir ríkistryggðra eigna um 4,75% en á innlána hluta um 5,90%. Sjóðurinn viðheldur mjög lágum meðallíftíma eigna sinna sem er núna um 0,2 ár.

Vísitala neysliverðs hækkaði um 0,20% í mars frá mánuðinum á undan sem var talsvert minna en markaðaáhrif höfðu gert ráð fyrir. Skýra má það m.a. með hraðari áhrifum útsöluloka en oft áður, sem og að hröð styrking krónunnar hafi haldið aftur af verðhækkunum. Verðtryggingarhlutfall sjóðsins hefur verið lækkað og stefnt að því að lækka það enn frekar í apríl vegna áframhaldandi styrkingar krónunnar.

Að því sögðu er sem fyrr gríðarleg óvissa í hagkerfinu sem litast ekki síst af því að kosningar eru í nánd og munu úrslit þeirra geta haft mikil áhrif á fjármálamarkað, sem og að búast má við að draga geti farið til tíðinda í áætlunum um afnám haftu í kjölfarið.

Um GAMMA og sjóðsstjóra

GAM Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA var stofnað í júní 2008 og er með um 20 milljarða króna í stýringu fyrir lífeyrissjóði, tryggingafélög, fyrirtæki og einstaklinga. GAMMA er einnig umboðsaðili fyrir PIMCO á Íslandi sem er eitt stærsta eignastýringarfyrirtæki heims.


Sjóðsstjóri er Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur. Áður starfaði hann hjá ABN AMRO í London við verðbólgutengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðast RBS sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Valdimar sinnir einnig stundakennslu í MSc. Fjármálahagfræði við Háskóla Íslands sem aðjúnkt.

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAM Management hf. er rekstrarfélag Verðbréfasjóðs GAM Management. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almenn fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflóks gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Athugi er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.**


Helstu upplýsingar

Rekstrarform:	Verðbréfasjóður
Gjaldmiðill	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Sölutímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl.14:00
Gengisuppreikningur:	Daglega í lok dags
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskr.
Innlausnargjald:	0 kr.
Verðtryggt:	7,2%
90 daga flókt:	0,3%
Boðaður meðallíftími:	Undir einu ári
Rekstraraðili:	GAM Management hf.

Eignasamsetning



Gengisþróun



	6 mán	1 ár	stofnun*
nafnávöxtun	2,4%	4,5%	7,7%
raunávöxtun	-0,4%	0,5%	-2,6%

*Stofnaður 13. apríl 2011

Söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun

Skuldabréfateymi

Valdimar Ármann s: 519 3304 valdimar@gamma.is Sjóðsstjóri	Gísli Hauksson s: 519 3301 gisli@gamma.is
Guðmundur Björnsson s: 519 3303 mummi@gamma.is	Agnar T. Möller s: 519 3302 agnar@gamma.is